AUGLÝSING

um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn sjávarafurðir frá Kína sem nota á til manneldis eða sem dýrafóður.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. mars 2002.

F. h. r.
Snorri Rúnar Pálmason.

Þórir Skarphéðinsson.

Stjórnartíðindi B 34, nr. 190-192. Útgáfudagur 14. mars 2002.